

# Lög

um breytingu á lögum um landsdóm,  
nr. 3/1963, með síðari breytingum.

---

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómarar sem eiga sæti í landsdómi þegar Alþingi hefur samþykkt málshöfðun gegn ráðherra og varamenn þeirra skulu ljúka meðferð þess máls þrátt fyrir að kjörtímabil þeirra sé á enda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 5. maí 2011.*

